

98 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Magnúsar Sigurðssonar á Grund og konu hans Guðrúnar P. Jónsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands 24. júní 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Magnúsar Sigurðssonar á Grund og konu hans Guðrúnar P. Jónsdóttur, í minningu um 70 ára afmæli Magnúsar 3. júlí 1917 og heimsókn Eyfirðinga þann dag.

1. gr.

Styrktarsjóðurinn er stofnaður til þess að örva menn til framtakssemi og dugnaðar í landbúnaði með því að veita verðlaum þeim, sem skara fram úr og sýnt hafa mikla framtakssemi með varanlegum umbótum í landbúnaði og búsettir eru innan hinna þriggja hreppa Inn-Eyjafjarðar, sem sje: Öngulstaðahreppi, Saurbæjarhreppi og Hrafnagilshreppi.

Við úthlutun verðlaunanna skal sjerstaklega taka til greina traustar og haganlegar húsabyggingar, plöntun skógviðar til heimilisprýði og nota, jarðeplærækt og aðra garðrækt, sömuleiðis aukna grasrækt, sem fæst með stækkun túnanna, betri hagnýtingu áburðarefnanna og vatnsveitingum á engjar. Einnig skal taka til greina kynbætur alls búpenings, hesta, sauðfjár og nautgripa, sem miklu skiftir fyrir hjeradið og er öðrum til fyrirmyndar.

2. gr.

Stofnfje styrktarsjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur og skal gjöra þær arðberandi á þann hátt að setja þær á vöxtu í útbúi Landsbankans á Akureyri með 5% vöxtum ef hægt er, eða þeim hæstu vöxtum, sem bankinn gefur. Þó má veita efnilegum bændum, búsettum innan hinna nefndu þriggja hreppa, hagkvæm lán úr sjóðnum um lengri tíma með 5% vöxtum, engreiðist fyrirfram og með því skilyrði, að fjeð sje notað til að auka framleiðslu landbúnaðarins, svo sem jarðeplærækt, tún- og engjarækt og skógrækt, og enn fremur til nauðsynlegra og vandaðra húsabygginga. Samt skulu þeir menn sjerstaklega sitja fyrir peningaláni, sem hafa byrjað að rækta skóg á heimilum sínum og sýnt þá alúd og þekkingu, sem með þarf til þess, að það verði að gagni og til heimilisprýði. Það af fjenu, sem ekki er í útlánum hjá búendum, skal ávalt standa á vöxtum í áðurnefndum banka.

3. gr.

98
24. júní

Þegar stofufjeð með viðlögðum vöxtum er orðið 10.000 — tíu þúsund — krónur, skal annaðhvort ár varið nokkru af vöxtunum til þriggja heiðurslauna, og skulu þau vera að upphæð 50 — fimtíu — krónur, 75 — sjötíu og fimm — krónur og 100 — eitt hundrað — krónur, hver, sem veitast eftir verðleikum þrem af umsækjendum þeim, sem verðugir álitast. Og skal þá sjerstaklega taka tillit til þeirra umsækjenda, sem plantað hafa skógvið á heimilum sínum, enda sje sú plöntun vel á veg komin. Ekki má veita sama manni heiðurslaun oftár en 10. hvert ár.

4. gr.

Þeir, sem vilja verða aðnjótandi nefndra heiðurslauna, skulu senda formanni stjórnarnefndar sjóðsins bónarbrjef um, að tillit verði haft til þeirra við veitingu heiðurslaunanna á ári því, sem spurning er um, og skulu bónarbrjefin send formanni fyrir 1. janúar það ár, er heiðurslaunin eiga að veitast. Hverju bónarbrjefi á að fylgja vottorð 2 áreiðanlegra og heiðvirdra manna, sem hafa góða þekkingu á þeim mannvirkjum og framkvæmdum, sem um er rætt í bónarbrjefinu um, að þar sje skýrt rjett frá.

Að þeim tíma liðnum ræðir stjórnarnefndin um hverjir af umsækjendum sjeu verðugastir heiðurslaunanna, og sendir sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, ekki síðar en 30. apríl, tillögur sínar um það, ásamt þeim bónarbrjefum, sem fram eru komin, og meðfylgjandi vottorðum, og veitir þá sýslumaður, hinn 3. júlí, þeim umsækjendum heiðurslaunin, sem hann álitur verðugasta.

Nú er eitthvert ár, er verðlaun eiga að veitast, enginn álitinu verðugur nefndra heiðurslauna eða ekki svo margir, sem til er tekið hjer að framan, skal þá leggja þær upphæðir, sem við það sparast, við stofnfjeð og ávaxta á sama hátt og það. Skýrslu um veitingu heiðurslaunanna, ásami hinum árlega reikningi yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu almanaksári, skal birta í sýslufundargjörð Eyjafjarðarsýslu og hinum íslensku stjórnartíðindum.

5. gr.

Á þeim tíma, er styrktarsjóðurinn hefir aukist enn þá um 5000 — fimm þúsund — krónur og stofnfjeð hefir með viðlögðum vöxtum náð 15000 — fimtán þúsund — krónum, skal hækka heiðurslaunin um helming, svo þau verði 100 kr, 150 kr. og 200 kr. Svo skal þá og einnig styrkja af vöxtum sjóðsins fáataka, berklaveika sjúklinga, sem ekki eru á sveit og heima eiga í áðurnefndum hreppum, til að leita sjer lækninga á »Heilsuhælinu á Víflsstöðum« og við ljós eða radiumlækningar í Reykjavík, eða á þeim heilsuhælis- og ljóslækningastofnunum, sem síðar verða settar upp hjer á landi. Þau árin, sem verðlaun skulu ekki veitt, má lækningastyrkur þessi nema samtals alt að $\frac{1}{4}$ — einum fjórða — af

98 ársvöxtum sjóðsins. En þau ár, sem verðlaun veitast, skal þess gætt að úthluta 24. júní aldrei meiru en $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — af ársvöxtunum til verðlauna og lækninga-gjafa, svo ætíð leggist að minsta kosti $\frac{1}{4}$ af þeim við stofnsjóðinn.

6. gr.

Við úthlutun allra verðlauna skal sjerstaklega athugað og tekið til greina, að þau verk og umbætur, sem til greina geta komið, sjeu vel og haganlega af hendi leyst, svo þau verði til varanlegrar frambúðar. Þó skal líka tekið tillit til efnahags umsækjanda við úthlutun heiðurslaunanna, og skulu því efnalitlir menn engu síður verða þeirra aðnjótandi, ef verk þeirra og endurbætur eru vel og haganlega af hendi leystar, þó þær eðlilega verði í smærri stíl en hjá þeim, sem efnadri eru. Svo sem segir í 1. gr. ber að taka til greina kynbætur alls búpenings og góða meðferð á húsdýrum við úthlutun heiðurslaunanna, og geta þeir, sem brjóta settar hjeradssamþyktir um kynbætur búpenings innau nefndra hreppa, eða sýna hirðuleysi gagnvart kynbótareglum að dómi stjórnarnefndarinnar, ekki orðið heiðurlaunanna aðnjótandi á hinum næstu 5 árum, eftir að brotið er framið, þó þeir að öðru leyti hafi unnið til verðlauna.

7. gr.

Frankvæmd og stjórn styrktarsjóðsins hafa á hendi 3 menn, sem kosnir eru til 9 ára á sameiginlegum hreppsnefndafundi hinna þriggja hreppa í Eyjafirði innan Akureyrar. En að 3 árum liðnum — fyrsta sinn við árslok 1920 — skal einn maður ganga úr stjórninni eftir hlutkesti, og framvegis gengur einn maður úr stjórninni 3 hvert ár, og kjósa hreppsnefndirnar, á sama hátt og í fyrsta sinn, menn í þeirra stað. Endurkjósa má þá, sem ganga úr stjórninni, ef þeir taka kosningu. Stjórnarnefndin skiftir sjálf með sjer störfum þannig: að einn er formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Nefndin heldur fund með sjer í janúar ár hvert og oftár, ef þörf gerist; hún heldur gegnumdregna og löggilda gjörðabók, sem ritað er í það, sem fram fer á fundum og allir reikningar sjóðsins o. s. frv.; hún geymir öll verðbrjef og skjöl sjóðsins og ber ábyrgð á, að þau ekki glatist. En allar hinar umtöluðu þrjár hreppsnefndir bera, fyrir hönd sveitasjóðanna hver í sínum hreppi, sameiginlega ábyrgð á því, að styrktarsjóðurinn ekki tapi af fje sínu, hvorki í útlánum eða á annan hátt, þar með taldir vextir af lánum, og skulu allir sveitasjóðirnir í áðurnefndum hreppum skyldir að endurgreiða styrktarsjóðnum það tap, sem hann kann að verða fyrir, ef slíkt ber að höndum, hverjar sem orsakir kunna að verða, og skiftist sú endurgreiðsla niður á sveitasjóðina eftir tölu búenda. Þeir menn, sem í stjórnarnefnd sitja, missa eigi rjett sinn til þess að verða aðnjótandi heiðurslauna, hafi þeir með frankvæmdum og dugnaði unnið til þeirra, hins vegar geta þeir ekki fengið lánað fje úr sjóðnum, meðan þeir eru í stjórnarnefndinni.

Þegar styrktarsjóðurinn hefir vaxið svo, að óumflýjanlegt verður að greiða 98
þóknun fyrir hin ýmsu störf í þarfir sjóðsins, svo sem þóknun til gjaldkera, 24. júní
borgun fyrir eldtryggan skáp o s. frv., skulu útgjöld þau, sem af því leiða fyrir
sjóðinn, liggja undir samþykki sameiginlegs fundar hlutaðeigandi hreppsnefnda.

8. gr.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og einn maður, sem sýslunefndin í sömu
sýslu kys til 3 ára í senn, skulu endurskoða hinn árlega reikning styrktarsjóðsins, og
skal hann kominn þeim í hendur fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert ásamt banka-
viðskiftabók og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum, svo þeir geti fullvissað sig
um, að öll bókfærsla sje í góðu lagi. En athugasemdir endurskoðenda ásamt
svörum stjórnarnefndarinnar liggja undir úrskurð hins íslenska stjórnarráðs, sem
hefir yfirstjórn sjóðsins og sjer um, að skipulagsskránni sje fylgt.

9. gr.

Sjóðurinn tekur að ávaxtast 3. júlí 1918.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Grund, 10. apríl 1918.

Magnús Sigurðsson.

Staðfesting konungs á skipulagskrá fyrir »Hafnarsjóð Borgarness«, útgefin 99
á venjulegan hátt að mandatum af atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands 24. júní
24. júní 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Hafnarsjóð Borgarness“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Hafnarsjóður Borgarness«.